

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 3. maí 2017

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Skjólbrekku, Mývatnssveit miðvikudaginn 3. maí 2017 og hófst hann klukkan 13:07. Á fundinn mættu 81 einstaklingar, 67 fulltrúar aðildarfélaga, 9 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 5 almennir sjóðfélagar. Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur sem fundarstjóra og Önnu Lilju Gunnlaugsdóttur sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Áhættustýring
5. Breytingar á samþykktum
6. Starfskjarastefna
7. Kosning stjórnar
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Önnur mál

2. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Ágúst Torfi Hauksson, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2016.

Í samantekt stjórnarformanns kom fram að árið 2016 var erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð eins og fyrir aðra lífeyrissjóði í landinu. Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 2,0% og hrein raunávöxtun neikvæð um 0,1%.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur farið batnandi síðastliðin ár en gaf eftir á síðasta ári og var neikvæð um 1,5%. Þar koma m.a. inn í breyttar forsendur, en nú var miðað við íslenskar lífslíkur árána 2010 -2014.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um rúma 7 milljarða króna. Stapi lífeyrissjóður er ungur sjóður sem stækkar ár frá ári. Vegna aukinna krafna eftirlitsaðila og umfangs sjóðsins hefur verið bætt við starfsfólki og unnið að endurbótum skipulags. Sjóðurinn er í fremstu röð hvað varðar regluverk og festu og óháðar úttektir staðfesta að eftir þessu sé farið. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareign er sambærilegur við það besta sem gerist.

Á árinu var ráðinn lögfræðingur sem kemur að því að viðhalda regluverki og styrkja enn frekar yfirferð og eftirlit. Á ársfundi 2012 kynnti sjóðurinn hugmynd að nýju réttindakerfi en frá þeim tíma hefur verið

unnið ötullega að mótun kerfisins, samþykkt og innleiðingu. Hugmyndafræðin að baki nýju kerfi er sú að það sé réttlátara, en það kemur upp í kjölfar hrunsins, og að ekki sé verið að flytja fjármuni á milli kynslóða. Talið vera heillaskref en kerfið er komið í gang og gengur ágætlega.

Mikil umræða hefur verið hin síðari ár um sjóðfélagalán og undanfarin ár hefur Stapi lánað í gegnum lánastofnanir. Stjórn Stapa tók ákvörðun fyrir ekki margt löngu um að taka þessi lán aftur inn, búið er að ráða starfsmann sem hefur störf um mánaðarmótin maí – júní 2017.

Lítill samstaða virðist enn vera um lífeyrissjóði á Íslandi, eins og áður hefur komið fram. Það verður seint þannig að menn fái alla þá fjármuni sem menn greiða inn í sjóðinn. Áfallatryggingar eru dýrar og lífeyrissjóðir í landinu standa undir 2/3 af lífeyri í landinu og þar af örorkulífeyri.

Að lokum flutti stjórnarmaður, fyrir hönd stjórnar, starfsfólki einlægur þakkar fyrir síðastliðið ár. Þakkar sérstaklega þremur starfsmönnum fyrir samstarfið á síðasta ári. Inga Björnssyni sem hóf störf á haustmánuðum, Guðmundi Baldvini Guðmundssyni fráfarandi skrifstofustjóra og Jónu Finndísi Jónsdóttur sem leiddi að miklu leyti innleiðingu á nýju kerfi á síðasta ári.

2. Kynning og afgangur ársreiknings

Ingi Björnsson framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans.

- Iðgjöld ársins 2016 voru 7.910 milljónir króna.
- Lífeyrir var 4.687 milljónir króna.
- Fjárfestingartekjur 3.924 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður 327 milljónir króna.
- Önnur gjöld 18 milljónir króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2016 186.693 milljónir króna og hækkaði um 4,1% milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust eftirfarandi:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 81.551 milljónir króna.
 - Skuldabréf 97.622 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 1.390 milljónir króna.
 - Kröfur 1.093 milljónir króna.
 - Ýmsar eignir 58 milljónir króna.
 - Handbært fé 5.414 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 434 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ýtarlega yfir þróun ávöxtunnar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignadeildar.

2. Tryggingafræðilegt mat

Tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson komst því miður ekki á fundinn og því kynnti Ingi Björnsson framkvæmdastjóri tryggingafræðilegt mat og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaðan var á þá leið að heildarskuldbindingar nema 3,2% meira en eignir og iðgjöld framtíðarinnar. Tryggingafræðilega staða Stapa er því innan skilgreindra marka laganna sem og stefnu sjóðsins og aðgerða því ekki þörf. Í árslok 2016 var staðan neikvæð um 1,5% og hefur versnað milli ára og skýringin liggur aðallega í breyttum forsendum, nýju mati á lífslíkum.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Fyrirspurn kom frá Heimi Kristinssyni um réttindakerfið og hvort búið sé að sníða alla vankanta af því. Jóna Finndís Jónsdóttir áhættustjóri, þakkaði fyrirspurnina og svaraði sem svo að alls ekki sé búið að sníða alla vankanta en langt komið. Enn sé verið að úrskurða eitthvað í excel sem ekki er æskilegt til framtíðar litið. Nú sem fyrr þarf að skoða vel hvort allt sé að reiknast rétt og eftirfylgni mjög mikilvæg.

Önnur fyrirspurn barst úr sal, hvort fleiri sjóðir séu með þetta nýja kerfi á Íslandi. Ágúst Torfi Hauksson stjórnarformaður svaraði því að Stapi sé einn með þetta kerfi en áhugi annarra lífeyrissjóða sé til staðar og getgátur um að þeir séu að bíða eftir því að fyllilega sé búið að sníða af alla vankanta.

Þá var ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

3. Fjárfestingastefna sjóðsins

Fjárfestingarstjóri, Arne Vagn Olsen, kynnti ávöxtun sjóðsins á árinu 2016 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingastefnu 2017, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins. Einnig var uppbyggingu og ávöxtun séreignasafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

4. Áhættustýring

Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri fór yfir helstu markmið og framkvæmd áhættustýringar ásamt því að gera grein fyrir helstu áhættuþáttum sjóðsins.

Að lokinni kynningu áhættustjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingastefnu og áhættustýringu en enginn kvaddi sér hljóðs.

5. Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri, Ingi Björnsson, fór yfir orðalagsbreytingar á einstökum greinum samþykktanna sem lágu fyrir á síðasta ársfundi og útskýrði nánar. Þá fór hann yfir þær tillögur og orðalagsbreytingar sem Fjármálaeftirlitið óskaði eftir að Stapi gerði á fjórum greinum samþykktanna.

Áhættustjóri, Jóna Finndís Jónsdóttir, fór yfir þær breytingatillögur sem lágu fyrir á þessum ársfundi.

Helstu breytingar voru vegna breytinga á réttindakerfi sjóðsins og áframhald á vinnu við að endurbæta samþykktirnar þess vegna. Einnig var tekin fyrir sú tillaga að fækka varamönnum í stjórn úr fjórum í tvo.

Að lokinni yfirferð áhættustjóra gaf fundarstjóri orðið laust.

Heimir Kristinsson, Byggiðn spurði hver leggi fram þessar tillögur og áhættustjóri svaraði því til að þær komi frá áhættustjóra sem og tryggingastærðfræðingi. Þær tillögur séu lagðar fyrir stjórn sem leggur þær fram til ársfundar.

Fyrirspurn barst úr sal hvort rétt sé skilið að sé verið að lækka greiðslur til eftirlauna. Áhættustjóri svaraði að réttilega væri réttindasjóður að dreifast á fleiri ár með auknum lífslíkum og því lækki greiðslur, greiðslur þeirra sem komnir eru á eftirlaun lækka hins vegar ekki vegna þessarar breytinga. Þá spyr viðkomandi hvort lækkunin eigi einnig við um öryrkja, og svara áhættustjóri að breytingin á töflunum í viðauka A lækki einnig örorkulífeyrirétt, greiðslur þeirra sem nú þegar hafa verið úrskurðaðir á örorkulífeyri lækka ekki vegna breytinga á tilgreindum töflum, vissulega eru örorkugreiðslur þó tryggðar vísitölu neysluverðs og geta mögulega lækkað ef vísitalan lækkar.

Þónokkrar umræður urðu um samþykktabreytingarnar og svaraði áhættustjóri fyrirspurnum sem bárust úr sal.

Bar þá fundarstjóri upp breytingarnar til samþykktar. Kosið var um hvern lið fyrir sig og voru breytingar samþykktar samhljóða að undanskilinni breytingu á grein 4.1 þar sem tveir fundarmanna greiddu atkvæði á móti og tillögum að breytingum á töflum þar sem þrír voru á móti. Loks voru samþykktabreytingarnar bornar upp í heild sinni og samþykktar samhljóða.

6. Starfskjarastefna

Ágúst Torfi Hauksson stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu fyrir ársfundinum, en sú tillaga lág fyrir að hún væri óbreytt frá fyrra ári.

„Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði og hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.“

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupaukar
- Yfirvinna

Starfskjarastefnan skal borin undir ársfund.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust.

Þá var gert 45 mín hlé á fundi en samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að gera hlé á meðan kosning stjórnarmanna fer fram.

Fundur hófst að kaffihlé loknu klukkan 15:37

7. Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri launþega en að hálfu þeirra voru kjörin til 2ja ára:

Aðalmenn: Sverrir Mar Albertsson, Afl Starfsgreinafélag og Tryggvi Jóhannsson, Eining lðja

Varamenn: Heimir Kristinsson, Byggið

Ágúst Torfi Hauksson gerði grein fyrir kjöri launagreiðanda en af hálfu þeirra voru kjörin:

Aðalmenn: Ágúst Torfi Hauksson til 1 árs og Valdimar Halldórsson til 2 ára.

Varamenn: Guðrún Ingólfssdóttir 2 ára og Unnar Már Pétursson til 1 árs.

Fundarstjóri fór yfir núverandi stjórn Stapa lífeyrissjóðs;

Frá atvinnurekendum; Ágúst Torfi Hauksson, Akureyri, Valdimar Halldórsson, Húsavík, Erla Jónsdóttir, Kambakoti, Kristín Halldórsdóttir, Akureyri.

Frá launamönnum; Þórarinn Sverrisson, Sauðárkrókur, Huld Aðalbjarnardóttir, Húsavík, Sverrir Mar Albertsson, Eskifjörður, Tryggvi Jóhannsson, Akureyri.

8. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, sem löggilta endurskoðendur sjóðsins og var sú tillaga samhljóða samþykkt.

9. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breyttum stjórnarlaunum.

Stjórnarlaun verða 95.000 krónur á mánuði, varamaður fær 47.000 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 190.000 krónur og varaformaður 142.000 krónur.

Orðið var gefið laust en enginn gerði athugasemd við þessari tillögu. Fyrirspurn barst úr sal hver væri hækkun milli ára og var því svarað að um 5% hækkun væri að ræða.

Tillagan var samþykkt fyrir utan fimm sem greiddu atkvæði á móti.

10. Önnur mál

Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri fór yfir og kynnti tryggingavernd. Gerði að umfjöllunarefni helstu spurningar varðandi tryggingavernd og áfallatryggingar. Að lokinni yfirferð kallaði áhættustjóri eftir því að fólk skilaði inn viðhorfskönnun sem fylgdi með fundargögnum að fundi loknum.

Sigurbjörg spurði hvort makalífeyrir væri greiddur til hjóna sem ekki eru gift. Áhættustjóri las yfir skilgreiningu á maka samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Aðalsteinn Árni Baldursson, Framsýn, vék máli sínu að tilnefningu stéttarfélaganna í stjórnina þar sem tilnefndir voru þrír karlar og ein kona. Hann sagði þetta á skjön við 29. grein laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða frá 1997 nr. 129. Þar segði að tryggja ætti að a.m.k. 40% af hvoru kyni í stjórn. Hann gerir því alvarlegar athugasemdir við tilnefninguna og óskar eftir að þetta verði lagað í síðasta lagi á næsta ársfundi.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, óskaði nýrri stjórn góðs gengis og hrósaði ársskýrslu sjóðsins. Vildi ræða starfslok Kára Arnórs Kárasón og vísaði í hversu leiðinlegt það mál var í heild sinni. Hún taldi að þarna hefðum við misst merkan mann úr lífeyrissjóðakerfinu. Gat ekki orða bundist og fann ekki annað tilefni eða vettvang til að vekja máls á þessu.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fyrrverandi skrifstofustjóri Stapa kvað sér máls. Þótti miður að ganga eigi út með stjórnarkjör sem ekki er samkvæmt lögum. Hann gerði að umfjöllunarefni áhrif og viðbrögð vegna þessa. Hann átti ekki orð til að lýsa hversu hæfileikaríkur og góður samstarfsmaður Kári Arnór Kárasón var.

Björn Snæbjörnsson tók til máls, gerði fyrst að umfjöllunarefni sínu 10 ára afmæli Stapi lífeyrissjóðs. Eini landsbyggðasjóðurinn sem eftir er og taldi tilvist sjóðsins mikilsverða fyrir fólkið í þessum landshlutum.

Hann kom einnig inn á kosningu stjórnar sem hann taldi hafa verið í lagi þar sem samþykkt í fyrra. Hann tók undir þær tillögur að skoðast þurfi betur í framtíðinni. Stapi lífeyrissjóður hafði frábæran framkvæmdastjóra, sérfræðing á sínu sviði og er með góða áhöfn í dag.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum góðan fund, óskaði öllum góðrar heimferðar og sagði fundi slitið klukkan 16:11.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:

Anna Lilja Gunnlaugsdóttir